

Rekstrarskýrsla

6 mánaða uppgjör 2024


Rekstrarreikningur sveitarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps og B hluta fyrirtækja, að undanskyldum Hitaveitu Brautarholts og Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf., fyrstu 6 mánuði ársins 2024 (1. jan- 30. júní), sýnir að hagnaður er 90 millj. kr. eftir afskriftir og fjármagnsliði, samanber 128 millj. kr. í hagnað árið áður. Í júní 2023 var tekjufært uppgjör rammasamkomulags við Landsvirkjun að upphæð 68.789.640 kr. Í maí 2024 var tekjufært uppgjör við Landsvirkjun vegna landssvæðis undir Búðafossveg, samtals að fjárhæð 26.250.000 kr. Eru þær tekjur undir öðrum tekjum í rekstrarreikningi. Undirliggjandi rekstur er því að styrkjast á milli ára eða um 7,3%.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2024	2023	%	Kr. mism.
		Jan. - jún.	Jan. - jún.		
Rekstrartekjur					
Útsvar og fasteignaskattur		419.391.152	393.151.055	6,67 %	26.240.097
Framlög jöfnunarsjóðs		66.607.824	66.604.961	0,00 %	2.863
Aðrar tekjur		206.094.899	189.745.887	8,62 %	16.349.012
		<u>692.093.875</u>	<u>649.501.903</u>	<u>6,56 %</u>	<u>42.591.972</u>
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld		226.415.450	182.454.228	24,09 %	43.961.222
Annar rekstrarkostnaður		23.663.629	22.788.095	3,84 %	875.534
Önnur vörukaup		331.566.356	302.226.892	9,71 %	29.339.464
Styrkir		4.596.786	4.912.824	6,43-%	316.038-
Afskriftir		17.497.080	14.391.702	21,58 %	3.105.378
		<u>599.022.701</u>	<u>525.728.980</u>	<u>13,94 %</u>	<u>73.293.721</u>
Rekstramiðurstaða án fjármagnsliða		93.071.174	123.772.923	24,80-%	30.701.749-
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármuna- og verðbótatekjur		557.259	527.747	5,59 %	29.512
Fjármagns- og verðbóttagjöld	(3.362.760)	(3.119.432)	7,80 %	243.328-
Tekjur af eignahlutum		0	7.221.000	100,00-%	7.221.000-
Fjármagnstekjuskattur	(121.889)	(71.785)	69,80 %	50.104-
	(<u>2.927.390)</u>	<u>4.557.530</u>	<u>164,23-%</u>	<u>7.484.920-</u>
Óreglulegir liðir					
Óreglulegar tekjur/gjöld		0	0	0,00 %	0
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0,00 %</u>	<u>0</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>90.143.784</u>	<u>128.330.453</u>	<u>29,76-%</u>	<u>38.186.669-</u>

Tekjur:

Útsvarstekjur hækka um 15,9% fyrstu sex mánuði ársins samanborið við sama tímabil árið 2023, sbr. uppgjörsyfirlit frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um greidda staðgreiðslu til sveitarfélagsins en sjá má þróun útsvarstekna síðustu 2 ára hér að neðan:



Tekjur af fasteignaskatti fyrstu sex mánuði ársins eru um 210 millj kr. og hækka um 9,5% frá sama tíma árið á undan.

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld hækka um 24% frá sama tíma árið áður. Hækkun 12 mánaða launavísitölu í lok júní mánaðar er 6%. Búið er að samþykkja nýja kjarasamninga sem tilheyrir Bárunni og Foss en ekki er búið að semja við þá sem tilheyrir Kennarasambandi Íslands.

Í lok júní er búið að greiða út styrki fyrir um 4,6. millj. kr. til einstaklinga og félagasamtaka í formi tómstundastyrks, afsláttar eldri borgara af fasteignaskatti og annara styrkja til félagasamtaka.

Stærsti hluti rekstrarkostnaðar fyrstu sex mánuði ársins fer í fræðslu og uppeldismál eða 52,3% af skatttekjum.

Málaflokkayfirlit	2023	2024	%	Fjárhagsáætlun 2024
00 Skatttekjur	- 462.385.576	- 489.754.393	5,92%	- 1.005.646.000
02 Félagsþjónusta	38.788.174	35.185.597	-9,29%	91.053.000
03 Heilbrigðismál	772.393	841.557	0,00%	920.000
04 Fræslu- og uppeldismál	225.224.480	256.390.052	13,84%	561.134.000
05 Menningarmál	- 29.053.544	21.895.738	-175,36%	45.339.000
06 Æskulýðs- og íþróttamál	28.390.218	31.545.405	11,11%	57.674.000
07 Brunamál og almannavarnir	12.573.982	14.355.558	14,17%	28.861.500
08 Hreinlætismál	8.480.796	8.904.940	5,00%	2.297.927
09 Skipulags- og byggingarmál	1.603.635	- 46.640.840	-3008,44%	- 19.884.000
10 Umferðar- og samgöngumál	16.139.614	18.485.452	14,53%	37.360.000
11 Umhverfismál	1.995.242	1.011.557	-49,30%	9.850.000
13 Atvinnumál	841.464	7.244.362	760,92%	35.238.000
20 Framlög til B hluta fyrirtækja	-	-	#DIV/0!	2.500.000
21 Sameiginlegur kostnaður	42.379.138	65.215.084	53,88%	121.133.000
22. Breyting lífeyrisskuldbindinga	-	-	#DIV/0!	1.974.000
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.287.741	1.704.760	32,38%	- 4.830.000
31 Eignasjóður	- 19.653.315	- 20.403.844	3,82%	- 12.874.000
33 Þjónustustöð	4.558.388	6.491.573	42,41%	16.631.000
55 Leiguíbúðir	896.625	990.586	10,48%	- 1.087.000
63 Vatnsveita	- 574.158	- 1.492.721	159,98%	- 873.000
69 Fráveita	- 595.750	- 2.114.207	254,88%	14.721.000
	- 128.330.453	- 90.143.784		- 18.507.573

Framkvæmdir:

Framkvæmdir hafa gengið vel fyrstu sex mánuði ársins.

Í húsnæði sveitarfélagsins sem hýsir bæði félagsheimilið í Brautarholti og leikskólann Leikholt var í upphafi árs lokið við vinnu við að loka loftinu í alrými, ásamt breytingum á gluggum og fleira. Heppnuðust þær framkvæmdir mjög vel og nýtast nú rými húsnæðisins mun betur fyrir starfseminna sem þar er auk þess sem hljómgæði, og þar með vinnuaðstaða starfsfólks og barnanna, hefur batnað til muna. Framundan er svo áframhaldandi vinna við hönnun á leikskólalóð og munu þær framkvæmdir hefjast á haustmánuðum í áföngum.

Í Skeiðalaug er nú vinna við viðhald á múrverki að utanverðu að ljúka. Tveir nýjir heitir pottar voru teknir í gagnið núna í júlí og hefur vinna við að koma þeim í virkni verið unnin allt frá vormánuðum 2024.

Frá skólaslitun 1. júní sl. hafa breytingar staðið yfir á húsnæði Þjorsárskóla m.a. til að taka á móti þeim unglíngum sem munu stunda nám í 8. bekk skólaárið 2024-2025. Breytingarnar gengu framur vonum og var verklegum framkvæmdum að mestu lokið áður en starfsmenn Þjorsárskóla komu aftur til starfa. Breytingar standa enn yfir á kjallara hússins þar sem staðsett verður fablab smiðja og félagsmiðstöð ungmennanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Áframhaldandi vinna hefur verið við gatnagerð í Vallarbraut Brautarholti og sér nú fyrir endann á þeirri framkvæmd. Við Þingbraut í Árnesi, sem er ný gata í iðnaðarhverfinu, er gatnagerð að mestu lokið að undanskilinni malbikun.

Heildarframkvæmdir fyrstu sex mánuði ársins nema samtals 46,5 millj kr. og skiptast þannig:

Fjárfesting	01.01.-30.06.2024
Húsnæði Leikholts og félagsheimili	5.498.527
Skeiðalaug	12.714.692
Þjorsárskóli	4.628.097
Gatnagerð Vallarbraut	23.687.421

Nú á næstu dögum klárast svo framkvæmdir við niðursetningu á aparólu og ærslabelg á lóð Þjorsárskóla.

Framundan er opnun útboða vegna aðkomuvegs, púða og plans fyrir íþróttamiðstöð í Árnesi og í framhaldi munu þær framkvæmdir hefjast.

Veturinn lýtur heilt yfir mjög vel út. Mikil uppbygging er framundan í sveitarfélaginu. Engin lán hafa verið tekin það sem af er ári og staða handbærs fjár er góð.